

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-deseember 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 53,4 ma.kr. en var neikvætt um 73,7 ma.kr. á árinu 2010. Tekjur jukust um 6,3 ma.kr. og á sama tíma drógust gjöldin saman um 5,5 ma.kr. Þetta er betri niðurstaða en í gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 73,2 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-deseember 2011 (m.kr.)

	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>
Innheimtar tekjur	454.066	444.751	414.605	461.866	468.147
Greidd gjöld	369.583	643.935	551.457	530.963	525.500
Tekjujöfnuður	84.483	-199.184	-136.852	-69.097	-57.353
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-23.525	186.874	-13.579	-4.612	3.980
Handbært fé frá rekstri	60.958	-12.310	-150.431	-73.709	-53.373
Fjármunahreyfingar	-63.102	-386.106	-11.070	71.523	110.796
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-2.144	-398.416	-161.501	-2.186	57.423
Afborganir lána	-33.837	-120.625	-233.172	-235.450	-224.227
Innanlands	-22.505	-104.713	-206.823	-132.628	-88.840
Erlendis	-11.332	-15.912	-26.349	-102.822	-135.387
Greiðslur til LSR og LH	-12.500	-4.000	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-48.481	-523.041	-394.673	-237.636	-166.804
Lántökur	58.939	601.955	436.792	329.611	383.044
Innanlands	58.754	558.118	390.031	201.556	151.773
Erlendis	185	43.837	46.761	128.055	231.271
Breyting á handbæru fé	10.457	78.914	42.119	91.975	216.240

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 468,1 ma.kr. árið 2011 sem er 1,4% aukning frá árinu 2010. Innheimtan er 5,5 ma.kr. eða 1,2% meiri en áætlað var í endanlegri tekjuáætlun fjárukalaga 2011 og 13,7 ma.kr. meiri en áætlað var í tekjuáætlun fjárlaga 2011. Ef lítið er framhjá tekjum af sölu eigna jókst innheimtan um 5,0% á milli ára en slíkar ráðstafanir skiluðu ríkissjóði 3,8 ma.kr. 2011 samanborið við 19,7 ma.kr. árið áður. Þegar fjallað er um frávík frá áætlun í umfjölluninni hér á eftir er átt við áætlun fjárukalaga nema annað sé tekið fram.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 6,8% á milli ára og námu 429,7 ma.kr. sem er 3,9 ma.kr. yfir áætlun. Þar munar mest um mikla aukningu í tekjuskatti lögaðila sem skilaði 29,6 ma.kr. og jókst þar með um 51% á milli ára. Innheimta tekjuskatts lögaðila var 9,3

ma.kr. yfir áætlun. Þetta mikla frávik skýrist aðallega af betri innheimtu en gert var ráð fyrir í ljósi frumálagningar fyrir rekstrarárið 2010. Við gerð tekjuáætlunar var reiknað með að innheimtan í fyrra yrði hærra hlutfall af álagningu en var árið 2010, en niðurstaðan varð enn hlrri. Fjármagnstekjuskattur dróst saman um 13,6% á milli ára og nam 25,7 ma.kr. sem er 3,4 ma.kr. undir áætlun. Lækkunin á milli ára, sem og frávik frá áætlun, skýrist af meiri endurgreiðslum á ofafdregnum fjármagnstekjuskatti til lögaðila en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar. Endurgreiðslurnar féllu til í lok ársins en innheimta fjármagnstekjuskatts hafði verið á áætlun fram að þeim tíma. Þá jukust tekjur af tryggingagjöldum um 8,4% á milli ára og námu 66,2 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. umfram áætlanir fjárukalaga og 2,2 ma.kr. umfram upphaflega fjárlagaáætlun. Þess ber að geta að kjarasamningar á vinnumarkaði sem tóku gildi um mitt ár höfðu í för með sér meiri launahækkanir en búist hafði verið við.

Tekjur ríkissjóðs janúar-deseember 2009-2011


	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	360,673	403,297	429,675	-7.8	11.8	6.5
Skattar á tekjur og hagnað	138,837	138,396	147,868	-9.2	-0.3	6.8
Tekjuskattur einstaklinga	82,560	89,116	92,647	-6.2	7.9	4.0
Tekjuskattur lögaðila	17,483	19,580	29,557	-40.8	12.0	51.0
Skattur á fjármagnstekjur	38,794	29,700	25,664	9.7	-23.4	-13.6
Eignarskattar	5,145	9,267	10,630	-35.2	80.1	14.7
Skattar á vöru og þjónustu	161,720	180,622	186,595	-9.9	11.7	3.3
Virðisaukaskattur	111,937	121,750	123,548	-12.1	8.8	1.5
Vörugjöld af ökutækjum	1,693	1,609	2,732	-76.9	-5.0	69.8
Vörugjöld af bensíni	10,990	11,665	11,800	25.8	6.1	1.2
Skattar á olíu	7,178	7,058	7,136	-1.4	-1.7	1.1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	13,849	14,843	15,443	15.8	7.2	4.0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	16,072	23,696	25,935	-4.0	47.4	9.5
Tollar og aðflutningsgjöld	5,048	6,082	7,070	-11.3	20.5	16.2
Aðrir skattar	7,717	7,826	11,301	95.6	1.4	44.4
Tryggingagjöld	42,207	61,104	66,211	2.8	44.8	8.4
Fjárframlög	1,007	1,259	1,747	-1.8	24.9	38.8
Aðrar tekjur	51,846	37,584	32,912	4.1	-27.5	-12.4
Sala eigna	1,108	19,726	3,814	-	-	-
Tekjur alls	414,635	461,866	468,147	-6.8	11.4	1.4

Tekjuskattur einstaklinga skilaði tekjum að fjárhæð 92,6 ma.kr. sem er 4,0% aukning miðað árið áður og 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um 12% á milli ára en hér gætir einnig áhrifa kjarasamninga frá því í sumar líkt og með aukna innheimtu tryggingagjalds. Innheimta eignarskatta jókst um 14,7% á milli ára og nam 10,6 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun. Aukninguna má að mestu rekja til meiri tekna af auðlegðarskatti sem skilaði 6,0 ma.kr. árið 2011 samanborið við 3,5 ma.kr.

árið áður, fyrst og fremst vegna tekna af viðbótarálagningu á hlutabréfaeign/eigið fé einstaklinga í fyrirtækjum. Neikvætt frávik innheimtu eignarskatta frá áætlun skýrist alfarið af erfðafjárskatti, en auðlegðarskattur og stimpilgjöld, sem eru stærstu liðir eignarskattanna, voru í takt við áætlanir.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 3,3% á milli ára og námu alls 186,6 ma.kr. sem er 3,6 ma.kr. undir áætlun. Frávik frá áætlun skýrist aðallega af virðisaukaskatti því aðrir liðir óbeinna skatta voru samanlagt í takt við áætlanir. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu árið 2011 3,6% umfram verðlagsbreytingar (sjá mynd).

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára, m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattabreytingar hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Tekjur af virðisaukaskatti, sem er stærsti einstaki liður veltuskatta, jukust um 1,5% á milli ára og námu 123,6 ma.kr. sem er 4,2 ma.kr. undir áætlun. Frávik má rekja til minni innheimtu í nóvember og desember en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem tekjur af virðisaukaskatti höfðu verið á áætlun mestan hluta ársins. Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna gjalda eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum jukust vörugjöld af ökutækjum mest á milli ára eða um 69,8% enda jókst innflutningur bifreiða verulega árið 2011. Vörugjöld af bensíni og olíu jukust lítillega á milli ára og námu samanlagt 18,3 ma.kr. sem er um 0,3 ma.kr. undir áætlun. Þar af nema tekjur af olúgjaldi 6,5 ma.kr. og af bensíngjöldum 11,8 ma.kr. Með hliðsjón af innheimtu þessara gjalda má áætla að á árinu 2011 hafi skattstofn bensíngjalds lækkað um 6,9% og olúgjalds um rúm 2% frá fyrra ári.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 4,6 ma.kr. á árinu sem er 10,3% aukning á milli ára og í takt við tekjuáætlun. Með hliðsjón af tölum um tóbakssölu sést að heildarskattstofn tóbaksgjalds dróst nokkuð saman á árinu. Til að mynda dróst magn selds reyktóbaks saman um 3,8%,

magn vindla um 5,0% og magn vindlinga um 4,9%. Sala neftóbaks jókst aftur á móti umtalsvert eða um 18,4% í kílóum talið á milli ára. Sértaka athygli vekur að magn selds neftóbaks jókst um rúmlega 70% í desember 2011 miðað við sama mánuð 2010. Ljóst er að umtalsverð hækkun gjalds á neftóbak sem tók gildi um áramótin hefur þar mikil áhrif. Tekjur af áfengisgjaldi námu 10,4 ma.kr. sem er 1,3% aukning á milli ára og í takt við áætlun. Tölur um áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi dregist saman um 1,8% á árinu.

Sala eigna skilaði tekjum að fjárhæð 3,8 ma.kr. sem er 2,8 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik skýrist einkum af lokauppgjöri í tengslum við Avens-samkomulagið frá árinu 2010 en í desember 2011 féllu til 3 ma.kr. tekjur vegna þess sem ekki hafði verið áætlað fyrir. Loks ber að nefna að í júní og desember voru sett lög um skattlagningu á fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði í því skyni að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu sem greidd var til heimila á árinu. Framlag fjármálafyrirtækja var í formi sérstakrar viðbótar við bankaskatt sem skilaði alls 2,0 ma.kr. í nóvember og desember. Framlag lífeyrissjóða að fjárhæð 1,4 ma.kr. er í formi sérstaks skatts á hreina eign og var gjalddagi þeirrar greiðslu 31. desember 2011 en eindagi 30 dögum síðar. Framlag fjármálafyrirtækja er því meðtalið í þeim tölum sem hér hafa verið til umfjöllunar en ekki framlag lífeyrissjóða.

Greidd gjöld námu 525,5 ma.kr. og drógust saman um 5,5 ma.kr. milli ára, eða um 1%. Greidd gjöld voru 2,6 ma.kr. umfram fjárheimildir ársins en þegar bætast við 16,5 ma.kr. af ónýttum fjárheimildum frá fyrra ári eru útgjöldin um 13,9 ma.kr. innan fjárheimilda. Meginhluti umframútgjalda ársins skýrast með nokkrum stórum frávikum en útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára. Frekari greiningu á helstu frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 9,1 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,8 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,6 ma.kr. milli ára en voru 3,5 ma.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 7 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2010 en voru 758 m.kr. innan heimilda. Útgjöld vegna Lífeyrstrygginga jukust um 11,3 ma.kr. milli ára sem var nálægt því sem gert var ráð fyrir í áætlunum. Þá jukust bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,7 ma.kr. milli ára. Greiddar vaxtabætur voru 7,2 ma.kr. hærrí en á fyrra ári sem skýrist að stórum hluta með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð 6,5 ma.kr. Á móti drógust útgjöld saman um 11,2 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Greiddar barnabætur voru 1,9 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 704 m.kr. lægri og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 675 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 3,7 ma.kr. milli ára og voru 2,6 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 1,8 ma.kr. milli ára og voru 3,1 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 591 m.kr. milli ára og voru 360 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þá jukust útgjöld til hjúkrunarheimila um 709 m.kr. milli ára. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust saman milli ára um 4,4 ma.kr. og voru jafnframt 4,6 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Útgjöld Vegagerðarinnar dragast

saman um 4,9 ma.kr. milli ára en eru í jafnvægi við fjárheimildir. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 755 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menntamála voru 1,2 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 1,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna drógust saman um 2 ma.kr. á milli ára en voru í takt við heimildir. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 340 m.kr. á milli ára en voru 1,1 ma.kr. innan heimilda á árinu 2011. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála voru svipuð og á sama tímabili í fyrra en voru 934 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,3 ma.kr. milli ára á milli ára en voru 1,6 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 1,1 ma.kr. innan heimilda en aukast um 522 m.kr. milli ára. Útgjöld sérstaks saksóknara aukast um 351 m.kr. þrátt fyrir að vera 416 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til umhverfisverndar jukust lítillega milli ára eða um 340 m.kr. en voru 444 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 258 m.kr. milli ára og voru 61 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust saman um 141 m.kr. milli ára og voru 31m.kr. innan heimilda tímabilsins. Óregluleg útgjöld drógust saman um 4,2 ma.kr. milli ára en voru 2,3 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna Ríkisábyrgða sem námu 3,1 ma.kr. í fyrra og voru gjaldfærðar þarna en flokkast nú með vaxtagjöldum. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 934 m.kr. umfram fjárheimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 1,3 ma.kr. hærrí en heimildir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-december 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Almenn opinber þjónusta	123,944	119,877	112,308	-3.3	-6.3
Þar af vaxtagreiðslur	79,781	73,872	64,742	-7.4	-12.4
Varnarmál	1,620	1,669	1,411	3.0	-15.5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	21,386	18,373	19,684	-14.1	7.1
Efnahags- og atvinnumál	67,930	60,633	56,237	-10.7	-7.3
Umhverfisvernd	4,862	4,789	5,129	-1.5	7.1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	1,069	863	722	-19.3	-16.4
Heilbrigðismál	116,770	112,324	116,000	-3.8	3.3
Menningar-, íþrótt- og trúmál	18,362	16,056	16,077	-12.6	0.1
Menntamál	44,944	46,732	45,540	4.0	-2.6
Almannatryggingar og velferðarmál	134,380	133,315	140,291	-0.8	5.2
Óregluleg útgjöld	16,190	16,331	12,102	0.9	-25.9
Gjöld alls	551,457	530,963	525,500	-3.7	-1.0

Hreinn lánsfjárjöfnuður

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 57,4 ma.kr. sem er 59,6 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Handbært fé frá rekstri batnar um 20,3 ma.kr. og fjármögnunarhreyfingar um 39,3 ma.kr. Aðallega er um að ræða hækkun afborgana veittra lána frá fyrra ári.

Afborganir af lánum ríkissjóðs á árinu 2011 námu 224,2 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 88,8 ma.kr. Aðallega er um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júlí að fjárhæð 53,4 ma.kr. og innlausn óverðtryggðra ríkisbréfa að fjárhæð 32,5 ma.kr. vegna skipta Íbúðalánasjóðs á óverðtryggðum ríkisbréfum fyrir verðtryggð skv. tilkynningu Lánamála ríkisins þar um 7. nóvember sl. Afborganir erlendra skulda námu 135,4 ma.kr. Aðallega er um að ræða uppkaup ríkissjóðs í maí sl. fyrir 65,6 ma.kr., uppgreiðslu á gjaldeyrisforðaláni í september sl. sem tekið var 2008 að fjárhæð 12 ma.kr. og uppgreiðslu láns sem tekið var 2006 að fjárhæð 45 ma.kr.

Lántökur námu 383 ma.kr. á árinu 2011. Innlendar lántökur námu 151,8 ma.kr. Gefin hafa verið út ríkisverðbréf fyrir 163,5 milljarða, þar af voru gefin út verðtryggð ríkisbréf fyrir um 32,5 ma.kr. vegna áðurnefndra skipta Íbúðalánasjóðs á ríkisbréfum og önnur lántaka nam 1,5 ma.kr. Á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 13,2 milljarða. Erlendar lántökur námu 219,4 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 ma.USD, að jafnvirði 116,3 ma.kr. og í lok árs nýtti ríkissjóður sér lánaheimildir frá samstarfsþjóðum sínum í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS að fjárhæð 103,1 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 11,9 ma.kr. í lok nóvember.